

Fundargerð 43. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 15. september kl. 13:00 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Jón Kjartan Ágústsson, Pawel Bartoszek og Sveinn Pálsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- velferðarsviðs, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hvítbók og stefna um aðlögun að loftslagsbreytingum - 2106033SA

Nýlokið er vinnu við gerð stefnu á grundvelli hvítbókar um aðlögun að loftslagsbreytingum. Halla Sigrún Sigurðardóttir, skrifstofustjóri og Magnús Örn Agnesar Sigurðsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti ásamt Önnu Huldu Ólafsdóttur frá skrifstofu lofslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofunni voru gestir undir þessum lið og kynntu stefnuna og ræddu hlutverk sveitarfélaga í aðlögun að loftslagsmálum. Eygerður Margrétardóttir var fulltrúi sambandsins í verkefnisstjórn um gerð Hvítbókar.

Fram kom að heilmikið verkefni væri fyrir höndum varðandi aðlögun að loftslagsbreytingum. Sveitarfélög gegna afar mikilvægu hlutverki við mótun aðgerða vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum. Loftslagsbreytingar munu hafa margvísleg áhrif á verkefni sveitarfélaga og því er mikilvægt að sveitarfélög taki þennan málaflokk föstum tókum. Í umræðu kom fram áhersla af hálfu nefndarmanna á að tengja aðgerðir við verkefni og skyldur sveitarfélöga þegar kemur að verkefnum til að fyrirbyggja loftslagsbreytingar og aðlögun að loftslagsbreytingum.

2. Starfshópur um flokkun mannvirkja - 2108031SA

Herdís Hallmarsdóttir lögfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun kynnti niðurstöður starfshóps um flokkun mannvirkja og áherslur um breytingar á fyrirkomulagi byggingareftirlits. Til upplýsinga fyrir nefndina var lögð fram umsögn sambandsins um tillögu að breytingu á byggingarreglugerð, dags. 10. september 2021, ásamt samantekt um ábendingar frá byggingafulltrúum við reglugerðardrögin. Einnig var lagt fram skilabréf starfshópsins, dags. 24. ágúst 2021, þar sem bent er á þörf fyrir lagabreytingar.

Fram kom í máli Herdísar að lagt sé til að mannvirki verði flokkuð í þrjá umfangsflokka byggða á meginreglu sem ákvarðast af flækjustigi hönnunar, samfélagslegu mikilvægi, hættu á manntjóni og fyrirhugaðri notkun mannvirkis. Þá sé einnig lagt til það nýmæli að leyfisveitandi geti veitt byggingarheimild fyrir

mannvirkjagerð sem fellur í umfangsflokk 1, í stað byggingarleyfis. Starfshópurinn lagði einnig til að farið væri í nauðsynlegar lagabreytingar til að styðja við markmið um einföldun á byggingareftirliti, breytta nálgun við setningu reglna og skýrari skiptingu ábyrgðar á milli þeirra aðila sem koma að framkvæmdum við mannvirki.

Skipulagsmálanefnd er sammála þeim markmiðum sem að er stefnt með fyrirhuguðum breytingum á byggingarreglugerð. Nefndin tekur jafnframt undir umsögn sambandsins um að lagt verði sem fyrst fram lagafrumvarp um afmarkaðar breytingar á mannvirkjalögum, til að tryggja fullnægjandi lagastoð fyrir þær reglugerðarbreytingar sem starfshópurinn leggur til.

3. Skipulagsmálanefnd sambandsins - fundargerðir o.fl. 2018-2022 - 2009346SA

Lagt var fram yfirlit um stöðu helstu verkefna sambandsins á sviði skipulags- og mannvirkjamála, m.a. um þingmál sem afgreidd voru á sl. löggjafarþingi. Einnig var lagt fram yfirlit um áherslur í stefnumörkun sambandsins sem snúa að verkefnum nefndarinnar.

Undir þessum lið var m.a. rætt um drög að dagskrá Skipulagsdagsins, sem haldinn verður 12. nóvember n.k. Ábendingum nefndarmanna verður komið á framfæri við Skipulagsstofnun, sem annast utanumhald viðburðarins, í samstarfi við sambandið.

Fundi var slitið kl. 14:45

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Jón Kjartan Ágústsson

Pawel Bartoszek

Sveinn Pálsson